

## Ráðgjafar

Dynamics NAV viðskiptahugbúnaður

Atvinna

### Ráðgjafar

Starfið felst í ráðgjöf og þjónustu tengdum Dynamics NAV viðskiptalausnum. Um er að ræða fjölbreytt verkefni fyrir viðskiptavini og þátttaka í vörupróun á lausnum Wise.

Við leitum að kraftmiklu, sjálfstæðu fólki sem á auðvelt með að vinna í hóp, hefur áhuga á hugbúnaði og tæknimálum og góða almenna menntun.

Sérstaklega leitum við að fólki sem hefur áhuga og/eða reynslu af einhverju af eftirfarandi:

- Microsoft Dynamics NAV
- Birgða- og aðfangakeðju, s.s. vöruhúsum, flutningum og tollafgreiðslu
- Framleiðslukerfum
- Málefnum sveitarfélaga
- Gagnagreiningum – Power BI

Reynsla af bókhaldi er mikill kostur.

Starfsstöð er á skrifstofu félagsins í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á [intellecta.is](http://intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá. Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

### Wise lausnir

Wise lausnir ehf. vinna að hugbúnaðargerð og þjónustu henni tengdri. Við leggjum metnað okkar í að aðstoða viðskiptavini okkar við að ná hámarksárangri út úr nýtingu sinni á viðskiptalausnum. Lausnirnar byggja á Microsoft Dynamics NAV sem er einn vinsælasti viðskiptahugbúnaður heims.

Starfsmenn Wise á Íslandi eru nú 80 á skrifstofum félagsins í Reykjavík og á Akureyri.

Við bjóðum:

- Góðan starfsanda og liðsheild
- Frábæra starfsaðstöðu og samkeppnishæf laun
- Fjölbreytt og krefjandi verkefni
- Símenntun í starfi



# HAGFRÆÐINGUR

sem vill láta til sín taka á skrifstofu ferðamála

**560.000.000.000**

gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum 2016

**540.000.000**

km sem erlendir ferðamenn óku á Íslandi 2016

**2.300.000**

áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna 2017

**46.000**

ferðamenn eru núna á Íslandi

**7,3**

meðalfjöldi gistinguferðamanna

**1**

af hverjum 10 bílum á Íslandi er bílaleigubíll

*Ferðapjónustan hefur á örfáum árum vaxið í það að vera sú atvinnugrein sem skapar þjóðinni mestar gjaldeyrstekjur.*

*Hröðum vexti fylgja ótal áskoranir og nú vantar okkur öflugan hagfræðing á nýja skrifstofu ferðamála í ráðuneytinu.*

*Ferðapjónustan tengist beint eða óbeint nánast öllum atvinnugreinum. Hagfræðingurinn sem við leitum að fær einstakt tækifæri til að taka þátt í stefnumótun, vinna að upplýsingaöflun, tölfræðigreiningum og áætlanagerð varðandi þennan hástökkvara íslensks atvinnulífs.*

*Markmiðið er að hámarka þjóðbagslegan ábata og tryggja um leið að atvinnugreinin og íslenskt samfélag geti vaxið og blómstrað blið við blið. Ert þú til í að slást í bopinn!*

*Allar nánari upplýsingar um starfið og menntunar- og hæfniskröfur er að finna á [starfatorg.is](http://starfatorg.is)*

Upplýsingar um starfið veitir Sigrún Brynja Einarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu ferðamála [sigrun.brynja.einarsdottir@anr.is](mailto:sigrun.brynja.einarsdottir@anr.is)

Umsóknir skulu sendar á netfangið [postur@anr.is](mailto:postur@anr.is).

Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með **10. apríl**.



ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

## Viltu ganga til liðs við okkur?

Óskum eftir að ráða hæfileikaríka þjónustufulltrúa og sölufólki

### Þjónustufulltrúi

Við leitum að þjónustuliprum starfskrafti í fullt starf og sumarstarf í Kortadeild N1. Starfsmenn okkar eru á breiðu aldursbili og við hvetjum því jafnt yngri sem eldri til að sækja um. Lágmarksaldur er þó 20 ára.

Vinnutími er frá 9-17 og vinnuaðstaða eins og hún gerist best en starfið er fjölbreytt og felst í að þjónusta viðskiptavinum N1 ásamt því að sjá um útgáfu N1 korta.

#### Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð samskiptahæfni
- Geta unnið undir álagi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Stundvísi

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hópi.

Áhugasamir sækji um á [www.n1.is](http://www.n1.is) – merkt Þjónustuver, fyrir **5. apríl**.

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

### Sölufulltrúi í úthringiver

Við leitum að áhugasömu og jákvæðu sölufólki til að sinna verkefnum í úthringiveri innan Kortadeildar N1.

Í starfinu felst sala og þjónusta við viðskiptavinum sem nýta sér N1 kortið. Vinnutími er samkvæmt samkomulagi og er vinnuaðstaðan eins og hún gerist best. Bæði er um að ræða fullt starf og hlutastarf.

#### Hæfniskröfur

- Góð samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Stundvísi
- Vilji til að ná árangri
- Reynsla af sölustörfum kostur







Spennandi  
störf laus til  
umsóknar hjá  
Akraneskaupstað

Nánari upplýsingar á [www.akranes.is](http://www.akranes.is)



Akraneskaupstaður



Spennandi starf

## Fjármálastjóri

Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða fjármálastjóra. Starfið er nýtt.

Umsóknarfrestur

**17. apríl**

Starfssvið

- Umsjón með daglegri fjármálastjórnun.
- Yfirumsjón með bókhaldi, gerð ársreikninga og fjárhagsáætlana.
- Vinna við áhættumat og fjárhagslegar greiningar.
- Samningagerð.
- Samskipti við hagsmunaaðila.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn

**[capacent.is/s/4772](http://capacent.is/s/4772)**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði fjármála, viðskipta-, hagfræði eða önnur sambærileg menntun.
- Reynsla af fjármálastjórnun og áætlanagerð.
- Þekking og reynsla af uppgjöri og endurskoðun kostur.
- Þekking og/eða reynsla af rekstri kostur.
- Reynsla af samningagerð kostur.
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni.
- Jákvætt viðhorf, sveigjanleiki og góðir samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í máli og riti.



Jarðböðin við Mývatn voru opnuð sumarið 2004 og hafa verið í örur vexti allar götur síðan. Á síðasta ári fór gestafjöldi í fyrsta sinn yfir 200 þúsund og er gert ráð fyrir auknum umsvifum á næstu árum. Jarðböðin hafa skapað sér sess sem kjölfesta í ferðaþjónustu í Mývatnssveit, enda opin alla daga allt árið um kring. Mývatnssveit er rómuð fyrir náttúrufergud, en þar búa rúmlega 380 manns. Þar er meðal annars leikskóli, grunnskóli, íþróttahús, heilsugæsla og verslun. Jarðböðin munu og geta aðstoðað við útvegum húsnæðis þar sem verið er að byggja ný raðhús sem hugsuð eru til útleigu fyrir starfsmenn.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Landhelgisgæsla Íslands

## Gæðastjóri

Landhelgisgæsla Íslands leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum aðila í starf gæðastjóra. Viðkomandi hefur yfirumsjón með gæðakerfi Landhelgisgæslunnar. Gæðastjóri þarf að hljóta samþykki Samgöngustofu vegna starfsleyfa flugdeildar. Byrjunartími er samkomulag.

Viðkomandi þarf að geta staðist öryggisvottunarkröfur samkvæmt lögum nr. 52/2006 og 34/2008.

Umsóknarfrestur

**10. apríl**

Helstu verkefni

- Umsjón með gæðakerfi í tengslum við flugrekstur Landhelgisgæslunnar.
- Aðstoð við gerð og þróun gæðahandbóka og verkferla.
- Yfirumsjón með framkvæmd úttekta samkvæmt verkferlum og reglugerðum.
- Innleiðing og þróun gæðakerfis fyrir aðrar deildir Landhelgisgæslunnar.
- Önnur tilfallandi verkefni sem falla undir verksvið gæðastjóra.

Upplýsingar og umsókn

**[capacent.is/s/4780](http://capacent.is/s/4780)**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Góð þekking og víðtæk reynsla á sviði gæðastjórnunar er skilyrði.
- Góð þekking og reynsla af reglugerðum EASA og Samgöngustofu, er beinast að flugrekstri, þjálfun og viðhaldi loftfara er skilyrði.
- Reynsla á sviði flugmála er æskileg.
- Þekking á uppbyggingu, þróun og stjórnun gæðakerfa.
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð almenn tölvufærni.
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti.



Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Þá fer Landhelgisgæslan einnig með daglega framkvæmd öryggis- og varnarmála samanber varnarmálalög.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



# Sölumaður

Traust fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar að öflugum sölumanni á vinnufatnaði og rekstrarvörum.

## Helstu verkefni:

- Sala á vinnufatnaði, öryggisskóm og tengdum vörum
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda við viðskiptavinum fyrirtækisins
- Innkaup í samvinnu við innkaupastjóra
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Gerð kynningar- og markaðsferis í samráði við sölu- og markaðsstjóra
- Söluferðir og heimsóknir til viðskiptavina

## Menntun- og hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum
- Menntun með áherslu á sölu- og markaðsfræði
- Góð íslensku- og enskukunnátta, danska er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í starfi



## Upplýsingar veitir:

**Sverrir Briem**

sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700



## Verkefnastjóri í ferðaþjónustu

Atlantik leitar að verkefnastjóra í fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt starf í ferðaþjónustu. Um fullt framtíðarstarf er að ræða og viðkomandi þarf að geta unnið yfirvinnu þegar á þarf að halda.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Sala, tilboðsgerð, úrvinnsla og framkvæmd ferða á Íslandi fyrir hvataferðahópa, ráðstefnur og viðburði auk ferða fyrir farþega af skemmtiferðaskipum
- Samskipti við innlenda samstarfsaðila og erlenda viðskiptavinum
- Sölu- og markaðsmál
- Þátttaka í vörubrúun og hugmyndavinnu um nýjungar í ferðaþjónustu
- Aðstoð við önnur verkefni á álagstímum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða reynsla af starfi í ferðaþjónustu
- Þekking á Íslandi og framboði ferðaþjónustu æskileg
- Geta til að vinna sjálfstætt og í teymi
- Skipulagshæfni
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á Excel er kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Samskiptahæfni og þjónustulund

Markmið Atlantik er að virkja eldmóð og keppnisanda hjá hæfu, traustu og áhugasömu starfsfólki. Starfsfólk Atlantik sýnir frumkvæði, þjónustulund og tekur virkan þátt í því að efla þjónustu og heildarhag fyrirtækisins með því að skara fram úr en styðja jafnframt hvert við annað og vinna saman.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á [www.atlantik.is](http://www.atlantik.is)

Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir ([bylgja@intellecta.is](mailto:bylgja@intellecta.is)) og Þórður S. Óskarsson ([thordur@intellecta.is](mailto:thordur@intellecta.is)) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2017. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

## Viltu taka þátt í ævintýrinu? Störf við vörukynningar í verslun Costco



Warehouse Demo Services (WDS) er fyrirtæki sem vinnur náið með Costco í Bretlandi. Starfsmenn þess sjá um allar vörukynningar í verslunum Costco. Við leitum að áhugasömum aðilum til að starfa við vörukynningar í nýrri verslun Costco á Íslandi.

Þetta gæti verið einmitt rétta starfið fyrir þig ef þér finnst gaman að ræða við fólk um hágæða vörur og ekki skemmir fyrir ef þú hefur áhuga á mat. Störfin felast í að kynna matvörur, drykkjarvörur og margskonar gæða búsáhöld.

Þessi störf henta mjög vel fyrir aðila sem vilja starfa fyrir alþjóðlegt fyrirtæki, fá góða þjálfun og vera hluti af stórum hópi af eldhressum starfsmönnum þar sem gæði og góð þjónusta er lykilatriði.

Um hlutastörf er að ræða og er bæði hægt að vinna þrjá daga í viku eða um helgar. Hentar bæði aðilum sem leita að hlutastarfi með námi og einnig aðilum á öllum aldri sem vilja vinna hlutastörf. Lágmarksaldur er 18 ára en ekkert hámark :-)

### Hæfniskröfur:

- Hafa gaman af því að fræða og kynna
- Vera opinn og jákvæður persónuleiki
- Hafa frábæra samskiptahæfni
- Afburða þjónustuhæfni

Kynningarmyndband um starfið: <https://vimeo.com/fizzexperience>

WDS sér um yfir 70.000 vörukynningar á ári í verslunum í Bretlandi fyrir hönd Costco. Þessar kynningar gera það að verkum að kaupendurnir kynnast vörum á nýjan hátt. Það er frábær upplifun að fá að smakka, lykta og snerta vöruna ásamt því að fræðast um hana áður en hún er keypt. Þetta gerir upplifun kaupandans svo miklu meiri og skemmtilegri.


Umsjón með störfunum hefur Lind hjá Fast ráðningum, [lind@fastradningar.is](mailto:lind@fastradningar.is) og í síma 552-1606

Umsækjendur er vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðunni, [www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)

Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl nk.



FAST  
Ráðningar





Fastus ehf er framsækið þjónustufyrirtæki sem sér fyrirtækjum og stofnunum á heilbrigðissviði, og í rekstri tengdum matvælum og iðnaði, fyrir tækjum, búnaði og rekstrarvörum. Hjá Fastus starfar fjölbreyttur og fjölhæfur hópur sérfræðinga sem leitast við að finna viðeigandi lausnir fyrir sérhvern viðskiptavin félagsins.

Nánari upplýsingar á [www.fastus.is](http://www.fastus.is)



## Sö luráðgjafi á fyrirtækjasviði

Vegna aukinna verkefna óskar Fastus ehf eftir að ráða sö luráðgjafa á fyrirtækjasvið. Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf til viðskiptavina sem eru m.a. stóreldhús, mötuneyti, veitingahús og hótél. Í boði er áhugavert framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki sem er vaxandi á sínum markaði.

### Starfssvið:

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Umsjón með samskiptum við ákveðna viðskiptavini
- Heimsóknir og kynningar hjá viðskiptavinum um land allt
- Öflun viðskiptasambanda og gerð tilboða
- Samskipti við birgja og umsjón með völdum vörumerkjum

### Hæfniskröfur:

- Nám á matvælasviði eða sambærileg menntun
- Rík þjónustulund og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Metnaður til að ná árangri
- Reynsla eða áhugi á sölu
- Góð tölvufærni
- Góð íslensku- og enskukunnátta



### Upplýsingar veitir:

**Inga S. Arnardóttir**  
[inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is)

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. almennri félagsþjónustu og sértækri þjónustu við fatlað fólk, aldraða og börn. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á fimm þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Á velferðarsviði starfa um 2.500 starfsmenn á um 100 starfseiningum í borginni, sem margar veita þjónustu allan sólarhringinn. Velferðarsvið þjónustar um 20.000 einstaklinga á ári og eru áætluð útgjöld sviðsins um 26 milljarðar á árinu 2017. Velferðarsvið starfar með velferðarráði og barnaverndarnefnd.

Nánari upplýsingar um starfsemi velferðarsviðs má sjá á vef sviðsins; [www.velferdarsvid.is](http://www.velferdarsvid.is)



## Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Við leitum að skrifstofustjóra og staðgengli sviðsstjóra með mjög góða skipulags- og greiningarhæfni og brennandi áhuga á stjórnsýslu. Þarf að vera eldsnöggur að skrifa góðan texta og tileinka sér nýjustu tækni á sviði samskipta og upplýsingamiðlunar.

Skrifstofustjóri stýrir skrifstofu sviðsstjóra, sem skiptist í deild gæða og rannsókna og stjórnsýsludeild. Á skrifstofunni fer fram undirbúningur og úrvinnsla funda velferðarráðs, gæðaeftirlit, söfnun og samhæfing tölulegra upplýsinga, rannsóknir, úttektir og ýmis greiningarvinna auk upplýsingamiðlunar.

### Helstu verkefni skrifstofustjóra

- Stýrir daglegum rekstri skrifstofu sviðsstjóra og tekur þátt í stjórnun sviðsins
- Tekur þátt í undirbúningi funda velferðarráðs og situr fundi ráðsins
- Er samhæfingaraðili og hefur yfirsýn yfir stjórnsýslu sviðsins
- Styður við eftirlits- og þjónustuhlutverk velferðarsviðs
- Hefur yfirumsjón með rannsóknum og tölfræðiúrvinnslu, gerð starfsáætlunar og ársskýrslu
- Hefur yfirumsjón með upplýsinga- og kynningarmálum sviðsins í samráði við upplýsingadeild ráðhúss
- Sinnir sérverkefnum í umboði sviðsstjóra

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistaraþróf nauðsynlegt
- Þekking, reynsla og áhugi á opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af verkefnastjórnun og upplýsingamiðlun
- Framúrskarandi hæfni í íslensku og textagerð
- Afar góð færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist starfinu
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð



### Upplýsingar veita:

**Katrín Óladóttir**  
[katrin@hagvangur.is](mailto:katrin@hagvangur.is)

**Regína Ásvaldsdóttir**  
[regina.asvaldsdottir@reykjavik.is](mailto:regina.asvaldsdottir@reykjavik.is)

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl nk.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef staðan losnar á ný.

Laun taka mið af ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Við ráðningar í störf hjá Reykjavíkurborg er tekið mið af mannréttindastefnu borgarinnar.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



## RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR FORD

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Ford að Bíldshöfða 6 í Reykjavík

### STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

### HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun eða reynsla sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími 07.45-17.00 virka daga og einstaka laugardaga frá 11.30-16.15.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Sæktu um á [brimborg.is](http://brimborg.is) fyrir 3. apríl.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hóperðabíla og bátavéla. Uppitaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsgöðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

**EPOXY FLEX**  
GÓLFLAGNIR

### Starfsfólk óskast!

Óskum eftir starfsfólki í almenna iðnaðarvinnu.  
Góð laun og fríðindi í boði.  
Ekki yngri en 18 ára .

Upplýsingar í síma 892 0378.

## Starfsmaður á lager og í útkeyrslu



### Starfssvið:

Umsjón með lager og verkstæði.  
Móttaka, talning og frágangur á vörum.  
Samantekt pantana og eftirfylgni.  
Umsjón með viðgerðum.  
Önnur tilfallandi störf.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Reynsla af lagerstörfum og birgðahaldi er kostur.  
Kunnátta/áhugi á minniháttar viðgerðum er kostur.  
Frumkvæði og skipulagshæfni.  
Jákvæðni og sveigjanleiki.  
Góð þjónustulund  
Stundvísi og almenn hreysti  
Æskilegur aldur 30-60 ára

Umsóknir óskast sendar fyrir 31. mars á netfangið: [elisabet@epal.is](mailto:elisabet@epal.is)



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# Lagerstjóri

### Starfssvið

- Verkstjórn og stýring daglegra verkefna á Auka- og varahlutalager
- Yfirumsjón með móttöku og afhendingu á vörum
- Umsjón með umhirðu lagersvæðis
- Samskipti við birgja
- Mannaforráð

### Hæfniskröfur

- Reynsla af verkstjórn og lagerstýringu skilyrði
- Leiðtogahæfni
- Góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, vinnugleði og rík þjónustulund

Vinnutími: mán-fös 08:00-17:00

Umsókn, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi, óskast fyllt út á vef félagsins [www.toyota.is/storf](http://www.toyota.is/storf)  
Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir, [fanny@toyota.is](mailto:fanny@toyota.is) Umsóknarfrestur er til 3. apríl 2017

**Toyota** Kaupúni  
Kaupúni 6  
Sími: 570 5070  
[www.toyotakaupuni.is](http://www.toyotakaupuni.is)

Við leitum að árangursdrifnum og metnaðarfullum einstaklingi með mikla færni í mannlegum samskiptum sem hefur áhuga á krefjandi og spennandi framtíðarstarfi í ört vaxandi umhverfi.

Auka- og varahlutalager Toyota Kaupúni er um 1500 fm. og þar starfa níu starfsmenn. Lagerinn er á tveimur hæðum með rúmeiga 30.000 virk vörunúmer. Unnið er með handtölvukerfi.

Toyota Kaupúni er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.



## JÁRNPRÝÐI

ALMENN SÉRSMÍÐI

Járnpriði ehf vantar fjölhæfan og duglegan járnsmið/blikksmið eða mann með sambærilega reynslu. Viðkomandi þarf að vera íslenskumælandi.

Járnpriði er lítið og persónulegt fyrirtæki sem sinnir fjölbreyttum verkefnum með sterkan hóp viðskiptavina.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið [ingi@jarnprydi.is](mailto:ingi@jarnprydi.is)

Járnpriði ehf | Akralind 5 | 201 Kópavogi | S: 822 1717



SÝSLUMAÐURINN

### Skjalastjóri

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsir laust til umsóknar starf skjalastjóra.

Skjalastjóri ber ábyrgð á uppbyggingu skjalastjórnunar hjá embættinu. Leitað er að einstaklingi með þekkingu og góða reynslu af skjalastjórnun til að hafa umsjón með skjalavistunarmálum embættisins. Stærsta verkefnið framundan er skráning, frágangur og skil á skjalasöfnum embætta sýslumanna í Reykjavík og Kópavogi.

#### Helstu verkefni

- Frágangur og skil á skjalasafni embætta sýslumanna í Reykjavík og Kópavogi
- Þróun skjalastefnu og mótun verklags við skjalastjórn fyrir embættið
- Gerð skjalavistunar- og grísjunaráætlunar ásamt eftirfylgni
- Innleiðing á rafrænu skjalastjórnarkerfi
- Skipulag og umsjón með skjalasafni embættisins
- Fræðsla fyrir starfsfólk um skjalamál og eftirfylgni með skjalaskráningu

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg menntun á sviði skjalastjórnunar
- Reynsla af sambærilegum störfum er nauðsynleg
- Þekking og reynsla af skjalavistunarkerfum
- Mjög góð almenn tölvufærni
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veita Þuríður Árnadóttir, sviðsstjóri fjármála- og þjónustusviðs ([thuridur@syslumenn.is](mailto:thuridur@syslumenn.is)) og Vigdís Edda Jónsdóttir, mannaútskjósti ([vigdisj@syslumenn.is](mailto:vigdisj@syslumenn.is)).

Starfshlutfall er 100%. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

#### Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2017

Sótt er um starfið rafrænt á [syslumenn.is/storf](http://syslumenn.is/storf) Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Við ráðningu er tekið mið af jafnréttisstefnu embættisins.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Hlíðasmára 1, 201 Kópavogur  
s. 458 2000  
[www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)



Þau **Maren** og **Jón Kolbeinn** hafa fengist við verkfræðistörf hjá Isavia í tæp 4 ár og á þeim tíma unnið að uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Þannig eru þau hluti af góðu ferðalagi.

17-0704 - HVI TA HÚSI B / S I A

## VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

#### RAFVIRKI VIÐ RAFTÆKNIDEILD Á FLUGLEIÐSÖGUSVIÐI

Helstu verkefni eru vinna við brautarlýsingu og aðflugs- og flugleiðsögukerfi. Almenn raflagnavinna og viðhald hússtjórnarkerfa. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í spennandi og skemmtilegu starfsumhverfi. Starfið krefst talsverðra ferðalaga innanlands.

#### Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Reynsla af rekstri og viðhaldi smá-, lág-, og háspennukerfa
- Kunnátta í iðntölvustýringum er æskileg
- Þekking á flugmálum er kostur

Umsækjandi þarf að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar. Upplýsingar um starfið veitir Árni Páll Hafsteinsson deildarstjóri í netfanginu [arni.hafsteinsson@isavia.is](mailto:arni.hafsteinsson@isavia.is).



Jafnlaunauyttið  
PwC

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

#### STARF Í MÓTTÖKU Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

Helstu verkefni eru afgreiðsla og útgáfa aðgangsheimilda, símsvörun, móttaka gesta, samskipti við lögreglu vegna bakgrunnsskoðana, skjalavarsla og önnur tilfallandi störf.

#### Hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Gott viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð
- Færni í miðlun upplýsinga

Um er að ræða 100% starfshlutfall fram í september og eftir þann tíma 50% framtíðarstarf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Upplýsingar um starfið veitir Hafdís Viggósdóttir, verkefnastjóri í netfanginu [hafdis.viggosdottir@isavia.is](mailto:hafdis.viggosdottir@isavia.is).



ISAVIA

STARFSSTÖÐ:  
REYKJAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:  
3. MARS 2017

UMSÓKNIR:  
[ISAVIA.IS/ATVINNA](http://ISAVIA.IS/ATVINNA)

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • [intellecta.is](http://intellecta.is)



## RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Mazda, Citroën og Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík

### STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

### HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun eða reynsla sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími kl. 7.45-17.00 virka daga.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Sæktu um á [brimborg.is](http://brimborg.is) fyrir 3. apríl næstkomandi.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hóperðabíla og bátavéla. Uppitaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.



## Íþróttafulltrúi Aftureldingar

Ungmennafélagið Afturelding auglýsir starf íþróttafulltrúa laust til umsóknar. Við erum að leita að jákvæðum og hæfileikaríkum einstaklingi með góða samskiptahæfni til að bætast í hóp okkar á skrifstofu félagsins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni:

- Gerð æfingatöflu félagsins
- Ráðning þjálfara í samráði við deildir félagsins
- Ritstjórn heimasíðu félagsins
- Samskipti við deildir félagsins
- Samskipti við foreldra og iðkendur
- Samskipti við sérsambönd
- Samskipti við skólayfirvöld í Mosfellsbæ
- Umsjón með æfingagjöldum
- Umsjón með þróun iðkenda fjölda

### Hæfniskröfur:

- Háskólagráða sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð tölvufærni
- Þekking á starfi íþróttafélaga
- Hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til 7. apríl 2017.

Umsókn ásamt ferilskrá óskast sent á [umfa@afturelding.is](mailto:umfa@afturelding.is)  
Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Júlíus Karlsson, framkvæmdastjóri Aftureldingar, í síma 616-0098.

## Rafeindavirki

Við leitum að rafeindavirkja með brennandi áhuga á þráðlausum fjarskiptum og ferðamennsku. Starfsmaðurinn mun sinna uppsetningum og rekstri ásamt því að koma að hönnun þráðlauss fjarskiptabúnaðar. Starfssvæðið er um allt land.

### Starfssvið:

- Sveinspróf í rafeindavirkjun er skilyrði
- Brennandi áhugi á þráðlausum fjarskiptum og fjarskiptabúnaði
- Þekking á nethögun og netkerfum er kostur (Grunnþekking á OSI Modeli og TCP/IP samskiptum)
- Áhugi og vilji til að ferðast um landið
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og hæfni til að starfa í hópi

Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl nk.  
Nánari upplýsingar á [vodafone.is/storf](http://vodafone.is/storf)

**Vodafone**  
Við tengjum þig







**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**  
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna  
MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

## Staða nýdokers í sjávarlíffræði

Laust er til umsóknar þriggja ára staða nýdokers í rannsóknir á líffríki og búsvæði á Reykjanesshrygg á Hafrannsóknastofnun. Markmið verkefnisins er að 1) kortleggja útbreiðslu tegunda og lýsa botndýra samfélögum og einstaka búsvæðum á Reykjanesshrygg, 2) kanna tengsl fiska við mismundandi búsvæðagerðir og 3) meta áhrif veiða á viðkvæm búsvæði og tegundir.

### Hæfniskröfur

Umsækjandi þarf að hafa lokið doktorsprófi í sjávarlíffræði eða sambærilegu námi, góðan bakgrunn í úrvinnslu gagna sem og hafi reynslu við skrif tímaritsgreina og kynningu niðurstaðna á viðeigandi vettvangi.

### Umsóknarfrestur er til og með 1. maí n.k.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsreynslu sem og þrjú meðmælendur skulu sendar á pósthöfuð umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadoottir@hafogvatn.is) og Stefán Áki Ragnarsson (stefan.ragnarsson@hafogvatn.is).

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarrannsóknna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 170 starfsmenn í þjónustu sinni.



Kópavogsbraut 1C • 200 Kópavogur • Sími 560 4100 • Fax 560 4175

*Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.*

# Hjúkrunarfræðingar

**Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt.**

- Í boði eru allar vaktir – þar af 50% næturvaktir.
- Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði.
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hægt er að sækja um á heimasíðu Sunnuhlíðar: [sunnuhlid.is](http://sunnuhlid.is)  
Nánari upplýsingar veitir **Svanlaug Guðnadóttir** framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma **864-4184**



# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

## Sjúkraliðar og sjúkraliðanemar óskast í sumarafleysingar.

Leitað er að jákvæðu og drífandi fólki til starfa við samþætta heimaþjónustu inn á heimili fatlaðs fólks að Sléttuvegi 3, 7 og 9 í Reykjavík. Við leggjum áherslu á samfellda, einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu sem stuðlar að auknu sjálfstæði og virkri samfélagsþátttöku.

Afleysingin er frá lok maí til lok ágúst, eða eftir nánara samkomulagi. Vaktavinna, dag- og kvöldvaktir og almennt er unnið aðra hverja helgi. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Viðkomandi þarf að vera orðinn 20 ára.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Einstaklingsmiðuð aðstoð við athafnir daglegs lífs inn á heimili fatlaðs fólks.
- Umönnun og hjúkrun samkvæmt einstaklingsáætlun
- Teymisvinna.

### Hæfniskröfur

- Sjúkraliðamenntun eða sjúkraliðanemar búnir með þrjá hjúkrunaráfanga.
- Starfsreynsla af umönnunarstörfum æskileg.
- Frumkvæði, sveigjanleiki og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Stundvísi.
- Góð íslensku kunnátta skilyrði.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sjúkraliðafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bára Denny Ívarsdóttir Forstöðumaður í síma 665 5873, bara.denny.ivarsdottir@reykjavik.is eða Hanna María Karlsdóttir Teymisstjóri hjúkrunar í síma 664 7864, hanna.maria.karlsdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Umsóknarfrestur er til 4. apríl n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.



## Húsvörður – Staðarhaldari

Húsfélagið að Löngulínu 2 í Garðabæ vill ráða húsvörð - staðarhaldara í hlutastarf (30-35%) auk nokkurra aukaverka eftir samkomulagi.

Fastur vinnutími er mánudaga - miðvikudaga og föstudaga, frá kl. 8-12.

Í húsinu eru 48 íbúðir í þremur stigagöngum ásamt bílgeymslu. Verkefni staðarhaldara eru almenn þríf á sameign, umhirða lóðar, bílastæði og bílageymslu auk minniháttar viðhalds og endurbóta. Staðarhaldari þarf að vera sérstaklega þrífækinn, laghentur, útsjónarsamur og hafa auga fyrir því sem betur má fara. Möguleiki er að fá íbúð leigða í húsinu.

Skriflegar umsóknir berist: Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða starfsumsokn@eignaumsjon.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. mars 2017.



## Hvað ætlar þú að gera í sumar?

Okkur vantar **TOPP** starfsmenn í hreinsun, slátt og önnur garðyrkjustörf.

Sendu endilega inn umsókn á [www.gardlist.is](http://www.gardlist.is).

Góð laun í boði!

**GARÐLIST**  
ALHLÍÐA GARÐÞJÓNUSTA

Tunguhálsi 7 | 110 Reykjavík | 554 1989 | [www.gardlist.is](http://www.gardlist.is)

## Þjónustumiðstöð Seltjarnesbæjar

### Starfsmaður óskast til starfa hjá þjónustumiðstöð Seltjarnesbæjar

Umhverfissvið/Þjónustumiðstöð óskar eftir starfsmanni í verkamannastörf hjá þjónustumiðstöð Seltjarnesbæjar. Á vegum þjónustumiðstöðvar fer fram fjölþætt starfsemi, s.s. þjónusta við veitur bæjarins, viðhald gatna og umhverfis, viðhald fasteigna, ásamt almennri þjónustu við bæjarbúa. Um framtíðarstarf er að ræða.

#### Verkefni

- Helstu verkefni eru aðstoð/vinna við viðhald veitukerfi bæjarins, leka viðgerðir og ýmis aðstoð við jarðvinnuframkvæmdir.
- Einnig er um að ræða önnur tilfallandi fjölbreytt verkefni á vegum þjónustumiðstöðvar.

#### Hæfniskröfur:

- Stundvísi og reglusemi
- Þjónustulund.
- Bílpróf.
- Kostur væri ef umsækjendur hefðu minna vélapróf.

#### Nánari upplýsingar um starfið veitir:

Kristinn H Guðbjartsson, aðstoðarmaður sviðsstjóra umhverfissviðs sími 5959-183, 822-9115 kristinn.gudbjartsson@seltjarnarnes.is

#### Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum starfmannafélags Reykjavíkur.

Umsókn skal skilað á [Ráðningarvef Seltjarnesbæjar](http://www.seltjarnarnes.is) -undir <http://www.seltjarnarnes.is> -Störf í boði



Jafnalunnúttækt  
ÞvC  
2016



SELTJARNARNESBÆR

[seltjarnarnes.is](http://seltjarnarnes.is)



HRAFNISTA GARÐABÆ

# Viltu vinna með okkur?

## Hrafnista Garðabæ Ísafold auglýsir eftir sjúkraliðum sem verkstjórum ákveðinna eininga.

Verkstjóri starfar eftir starfslýsingu F samkvæmt samningi SLFÍ og SFV. Verkstjórar hafa tileinkað sér þekkingu í öldrunarhjúkrun og sinna m.a. verkstjórn ákveðinna eininga, stýra verkefnum annarra sjúkraliða og starfsmanna. Á Ísafold búa 60 íbúar á sex heimiliseiningum og er unnið með fagmennsku á heimilislega nálgun umönnunar og hjúkrunar.

### Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Sveigjanleiki
- Starfsleyfi Embættis landlæknis
- Faglegur metnaður
- Góð tölvukunnátta

Allar nánari upplýsingar veitir Lind hjá Fast Ráðningum í síma 552-1606 og tölvupósti, [lind@fastradningar.is](mailto:lind@fastradningar.is). Ekki hika við að hafa samband fyrir nánari upplýsingar. Einnig er hægt að sækja um störfin á [www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is). Hlökkum til að heyra frá þér. Umsóknarfrestur er til 7. apríl.



HRAFNISTA

Reykjavík | Hafnarfjörður  
Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær



## Bifvélavirki óskast til starfa.

Okkur vantar bifvélavirkja til að vinna almennar viðgerðir. Við erum að mestu sérhæfðir í viðgerðum á vélum.

Upplýsingar og umsóknir sendist á [kistufell@kistufell.com](mailto:kistufell@kistufell.com)

Vopnafjarðarskóli



## Sundkennara vantar á Vopnafjörð

Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir sundkennara í apríl-maí 2017 og/eða næsta haust.

Kennt er á námskeiði og stendur sundkennslan yfir í mánaðartíma eða eftir samkomulagi. Húsnæði í boði og laun samkvæmt samkomulagi.

Upplýsingar veitir skólastjóri í síma 8614256 og [adalbjorn@vopnaskoli.is](mailto:adalbjorn@vopnaskoli.is)

EPOXY FLEX  
GÓLFLAGNIR

## Starfsfólk óskast!

Óskum eftir starfsfólki í almenna iðnaðarvinnu. Góð laun og fríðindi í boði. Ekki yngri en 18 ára.

Upplýsingar í síma 892 0378.

# EFLA leitar að liðsauka

**Starfsmaður í mötuneyti**

EFLA leggur mikinn metnað í mötuneyti starfsmanna sinna og við erum að leita að áhugasömum starfsmanni í hlutastarf í mötuneyti fyrirtækisins að Höfðabakka 9, Reykjavík. Sá einstaklingur sem við leitum að þarf að hafa mikla og óbilandi þjónustulund. Hann þarf að vera skipulagður í verkum sínum, sýna af sér sjálfstæði og frumkvæði í starfi og vera stundvís og reglusamur. Ástríða í matargerð er afar góður kostur í þessu starfi.

Áhugasamir á öllum aldri eru hvattir til að sækja um. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, [www.efla.is/umsokn-um-starf](http://www.efla.is/umsokn-um-starf), fyrir 4.apríl næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

|   |  |  |
|---|--|--|
| <b>Umsóknarfrestur</b><br>4. apríl 2017 | <b>Nánari upplýsingar</b><br>412 6000 eða <a href="mailto:job@efla.is">job@efla.is</a> | <b>Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál</b> |
|---|--|--|

EFLA er alhiða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbrigðis starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍPJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND



Samorka óskar eftir að ráða drífandi einstakling sem býr yfir miklu frumkvæði, skipulögðum vinnubrögðum og getu til að sinna mikilvægum og spennandi verkefnum.

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélög Samorku eru um 50 talsins og með starfsemi um allt land. Samtökin eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins og eru staðsett í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35.

Hlutverk samtakanna er að starfrækja trúverðugan, fræðandi og jákvæðan vettvang um starfsemi orku- og veitufyrirtækja og styrkja þannig stöðu þeirra og rekstur.

### HELSTU VERKEFNI:

- Móta starfsumhverfi orku- og veitugeirans.
- Umsjón með starfi fag- og málefnaþópa sem starfa á vettvangi samtakanna.
- Skipulagning og umsjón með framkvæmd opinna funda um málefni orku- og veitugeirans.
- Skipulagning námskeiða og fræðslu fyrir aðildarfyrirtæki samtakanna og geirann í heild.
- Samstarf við ráðuneyti og opinberar stofnanir.
- Eftirfylgni með nýrri stefnu samtakanna.

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Verkfræði/tæknifræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Frumkvæði, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku.

### NÁNARI UPPLÝSINGAR MÁ FINNA Á [WWW.SAMORKA.IS](http://WWW.SAMORKA.IS)

Bæði konur og karlmenn eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknir skulu sendar til framkvæmdastjóra, Páls Erlands ([pall@samorka.is](mailto:pall@samorka.is)), sem einnig veitir upplýsingar um starfið.

**Umsóknarfrestur er til 4. apríl.**

**SAMORKA**

Borgartúni 35,  
105 Reykjavík

591 0000  
[samorka.is](http://samorka.is)



## » Ráðningarbjonusta

## Verkstjóri

Fyrirtæki í fiskvinnslu og ferskfiskútflutningi óskar eftir að ráða verkstjóra til starfa. Um fullt starf er að ræða.

## » Starfssvið

- Umsjón og ábyrgð á daglegum störfum s.s. innvigtun á fiski, á framleiðslu, móttöku pantana, útskipun á fiski, gæðaeftirlit og daglegum störfum.

## » Hæfniskröfur

- Þekking og reynsla af fiskvinnslu og sjávarútvegi og stjórnunarstörfum
- Íslensku og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar [www.hhr.is](http://www.hhr.is) og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)



## Verkstæðismaður

Óskum eftir að ráða vélvirkja eða bifvélavirkja til starfa á verkstæði, til að sinna viðgerðum og viðhaldi á verkstæði okkar í Garðabæ. Í boði er vinna á vel búnu verkstæði. Fæði á staðnum og heimkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar veitir Robert Andersen á staðnum eða í síma. 8919669 - [robert@loftorka.com](mailto:robert@loftorka.com)

Loftorka Reykjavík ehf.  
Miðhrauni 10, 210 Garðabæ.



REYKJALUNDUR  
endurhæfing



## Starfsmaður í mótuneyti

Við leitum að stundvísam, samviskusömum og þjónustulundum starfsmanni í 100% starf í mótuneyti okkar. Unnið er alla virka daga, aðra vikuna frá kl. 8 – 16 og hina frá kl. 12 – 20. Á föstudögum er unnið frá kl. 7 – 14.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og um framtíðarstarf er að ræða.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Eflingar og fjármálaráðherra auk stofnansamnings milli Eflingar og Reykjalundar.

Umsóknarfrestur er til 9. apríl 2017

Nánari upplýsingar gefur Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 585 2143 [guðbjorg@reykjalundur.is](mailto:guðbjorg@reykjalundur.is)

Umsóknareyðublað og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni [www.reykjalundur.is](http://www.reykjalundur.is)

